

**Framhaldsársfundur Austurbrúar, haldinn hjá Austurbrú,
Egilsstöðum, þriðjudaginn 25. september 2018 kl. 15:00 í samræmi við
samþykkt ársfundar 20. mars 2018 um frestun á liðum 4-6 samkvæmt
skipulagsskrá.**

Dagskrá

1 – Ársfundarstörf skv. 7. gr. skipulagsskrár

- 4) *Breytingar á skipulagsskrá (ef við á)*
- 5) *Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. (ef við á)*
- 6) *Kosningar*
 - a. *Kjör stjórnar*
 - b. *Kjör endurskoðenda*
 - c. *Kjör starfsháttanefndar*
 - d. *Kjör siðanefndar*

2 – Önnur mál.

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar, setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hún lagði til að Jón Jónsson yrði fundarstjóri og Jóney Jónsdóttir fundarritari og var það samþykkt. Alls voru **19** fundargestir, þar af **10** atkvæðisbærir fulltrúar fyrir **10¹** aðila. Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag fundarsins, þ.e. að þetta væri opinn fundur en ákveðnir aðilar hefðu atkvæðisrétt. Fundurinn var boðaður með sérstöku bréfi til stofnaðila, á vef Austurbrúar og auglýstur í Dagskránni. Fundurinn telst löglega boðaður og voru ekki gerðar athugasemdir við boðun hans. Fundurinn fer eftir dagskrá skv. 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar og í samræmi við samþykkt aðalfundar þann 20. mars þá var liðum 4-6 frestað til þessa framhaldsársfundar. Að þessu gerðu var gengið til dagskrár.

¹ Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fljótsdalshreppur, Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjarðarhreppur, Djúpavogshreppur, Háskóli Íslands, Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað og Ferðamálasamtök Austurlands.

1 – Ársfundarstörf skv. 7. gr. skipulagsskrár sem frestað var 20. mars sl.

4) Breytingar á skipulagsskrá (ef við á)

Fundarstjóri bauð formanni starfsháttanefndar, Skúla Birni Gunnarssyni, að koma í pontu og fara yfir tillögu er varðar stofnaðilaskrá og atkvæðisrétt.

Tillaga fyrir framhaldsársfund Austurbrúar ses. 25. september 2018 er varðar stofnaðilaskrá og atkvæðisrétt.

Framhaldsársfundur Austurbrúar ses. haldinn 25. september 2018 á Egilsstöðum samþykkir að stofnaðilaskrá hverju sinni jafngildi kjörskrá á félagsfundum og hver lögaðili fari með eitt atkvæði. Í samræmi við skipulagsskrá Austurbrúar fara hagsmunaaðilar með 5 atkvæði á félagsfundum og velja sína fulltrúa á sérstökum fundi hagsmunaaðila. Jafnframt leggur fundurinn til að við næstu breytingar á skipulagsskrá verði tekinn af allur vafi um atkvæðisrétt stofnaðila komi til sameininga eða annarra slíkra breytinga, þannig að sameining tveggja eða fleiri stofnaðila leiði til þess að þeir fari eftir það með eitt atkvæði, en skipting eins stofnaðila í tvo eða fleiri lögaðila leiði eingöngu til þess að atkvæðum fjölgi ef sá aðili hefur áður orðið til við sameiningu tveggja eða fleiri stofnaðila.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls um þennan lið. Bókunin samþykkt samhljóða.

5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. (ef við á)

Ekki erum neinar fyrirbyggjandi breytingar á innri reglum Austurbrúar ses. að ræða á þessum fundi

6) Kosningar

Næst á dagskrá fundarins voru kosningar. Fundarstjóri gaf Skúla Birni Gunnarssyni, formanni starfsháttanefndar Austurbrúar orðið.

a. Kjör stjórnar

Skúli Björn kynnti tillögur um fulltrúa í stjórn Austurbrúar ses. í samræmi við skipulagsskrá. Nýrri stjórn var fagnað með lófaklappi.

STJÓRNARKJÖR

Tillaga um fulltrúa í stjórn Austurbrúar ses.:

Af vettvangi sveitarstjórnarmála

- Einar Már Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð og form. SSA
- Gunnar Jónsson, bæjarfulltrúi á Fljótisdalshéraði
- Hildur Þórisdóttir, bæjarfulltrúi á Seyðisfirði
- varamaður: Pálína Margeirsdóttir, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð

Af vettvangi atvinnulífs, menningar og menntunar

- Þráinn Lárusson, ferðaþjónustufrömuður á Héraði
- Sæunn Stefánsdóttir, forstöðum. Stofnunar rannsóknarsetra HÍ
- varamaður: Adolf Guðmundsson, lögfræðingur á Seyðisfirði

b. *Kjör endurskoðenda*

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar greindi frá tillögu stjórnar Austurbrúar um að KPMG verði falið að sinna endurskoðun reikninga. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga fyrir framhaldsársfund Austurbrúar ses þann 25. september 2018

Stjórn Austurbrúar leggur til að KPMG verði kjörin sem endurskoðandi Austurbrúar ses fyrir árið 2018.

Samþykkt hjá stjórn Austurbrúar 30. janúar 2018

c. *Kjör starfsháttanefndar*

Skúli Björn kynnti tillögu starfsháttanefndar og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

KJÖR Í STARFSHÁTTANEFND

Tillaga um fulltrúa í starfsháttanefnd Austurbrúar ses.:

- Ásdís Helga Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun
- Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar
- Jón Björn Hákonarson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð

d. *Kjör siðanefndar*

Skúli Björn kynnti tillögu starfsháttanefndar og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

KJÖR Í SIÐANEFND

Tillaga um fulltrúa í síðanefnd Austurbrúar ses.:

- Aðalheiður Árnadóttir lögfræðingur
- Gunnlaugur Sverrisson viðskiptafræðingur
- Sigríður Rún Tryggvadóttir guðfræðingur

2 – Önnur mál.

Fundarstjóri bauð fráfarandi formanni stjórnar Austurbrúar, Jóni Birni Hákonarsyni, að koma í pontu og gera grein fyrir ályktun sem samþykkt var á ársfundi SSA. Ályktunin er svohljóðandi:

Stjórnunarfyrirkomulag SSA og samstarf við Austurbrú

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 felur stjórn SSA að hefja viðræður við hagaðila Austurbrúar um breytt fyrirkomulag á stjórnun SSA og Austurbrúar með það að leiðarljósi að ná fram sömu markmiðum um skilvirkni og ábyrgð og millipinganefnd hefur lagt upp með, svo sem að SSA og Austurbrú falli undir sömu stjórn. Skili slíkar viðræður tilætludum árangri skal boða til aukaáðalfundar SSA eigi síðar en 31. janúar 2019 þar sem niðurstöður viðræðna verða lagðar fram til formlegrar afgreiðslu.

Skili slíkar viðræður ekki tilætludum árangri skal stjórn SSA framkvæma tillögur millipinganefndar sem fram koma í skýrslu nefndarinnar frá ágúst 2018. Tillögurnar fela í sér að ráða skuli starfsmann SSA og gera starfslýsingu fyrir hann, samþykkja nýtt skipurit fyrir SSA og koma á föstu vinnulagi vegna samráðsfunda með framkvæmdastjóra Austurbrúar. Jafnframt felur aðalfundur stjórn að gera samninga við Austurbrú um skrifstofuhald og þau önnur verkefni sem Austurbrú eru falin fyrir milligöngu SSA.

Jón Björn rakti tilurð ályktunarinnar þar sem aðalfundur SSA 2017 samþykkti ályktun um að skipa millipinganefnd sem skoðaði samstarf SSA og Austurbrúar og fyrirkomulag um stjórnun SSA og Austurbrúar og skilaði til stjórnar SSA fyrir aðalfund 2018.

Fundarstjóri gaf orðið laust varðandi ályktunina. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bauð fráfarandi formann stjórnar Austurbrúar um að slíta fundinum. Jón Björn Hákonarson þakkaði starfsfólki og stjórn fyrir vel unnin störf og gott samstarf. Hann minnti á að tekist hefði að vinna úr fjárhagsvanda Austurbrúar og nú er hún komin í rétta stöðu, til hennar er horft sem góðs fordæmis. Að lokum þakkaði Jón Björn fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit að svo búnu fundinum.

Fundi var slitið kl. 15:25

